

Vörðuhleðsla Innri Hesteyrarbrúnir

Hornstrandafriðland

2013

## Inngangur

Í Hornstrandafriðlandinu er allnokkur fjöldi varðaðra gönguleiða, sem allar voru gerðar meðan búaseta var á svæðinu. Umræddar leiðir voru fyrrum þjóðleiðir milli víkna og fjarða á svæðinu. Leiðunum var haldið við allt fram að þeim tíma er svæðið fór í eyði. Enn eru sömu leiðir gengnar en talsvert hefur fallið af vörðum og sumar leiðir torrataðar. Talsverð umræða hefur verið um bættar gönguleiðir innan friðlandsins, ekki síst með tilkomu fleiri göngumanna. Jafnframt hefur aukist krafa um merktar eða stikaðar gönguleiðir.

Árið 2010 var alþjóðleg flokkun verndarsvæðisins endurmetin og svæðið flokkað sem óbyggðasvæði (wilderness/ víðerni) og er það nú rekið samkvæmt þeim staðli (IUCN, cat 1b). Svæði í þeim flokki hafa hátt náttúrulegt gildi og er náttúran í fyrirrúmi. Heimilt er að viðhalda gömlum minjum á slíkum svæðum, en halda ber nýframkvæmdum í lágmarki. Með það að leiðarljósi var ákveðið að ekki yrði að svo stöddu farið í stikun gönguleiða eða gerð nýrra göngustíga, heldur yrði gömlum þjóðleiðum og vörðum haldið við.

Sótt var um styrk til Ferðamálastofu í febrúar 2013 til viðhalds varðaðra leiða í friðlandinu og var styrkumsókn samþykkt. Ákveðið var að fyrsti hluti verkefnis við vörðuhleðslur á svæðinu færi fram á Innri Hesteyrarbrúnum, sem er gönguleið frá Hesteyri í Hesteyrarfirði til Kjaransvíkur, þ.e. um Kjaransvíkurskarð. Leiðin frá syðri brún Innri Hesteyrarbrúna að nyrðri brún Kjaransvíkurskarðs er 7 km löng og eru 73 vörður á þeirri leið. Stór hluti varðanna var fallinn. Umrædd gönguleið er ein af fjölförnustu gönguleiðum í friðlandinu í dag og má áætla að hátt í 800 manns gangi hana sumar hvert (2013) og fer fjölgandi. Sennilega er engin gönguleið í friðlandinu með fleiri vörður. Slitrus af göngustíg má enn finna á Brúnunum og er unnið að því að merkja hann upp og kortleggja.

Ásamt því að sækja um styrk til verkefnisins var sótt um heimild landeigenda á Hesteyri (munnlegt) og leyfi Minjastofnunar til verksins, enda um fornminjar að ræða.

Meðfylgjandi skýrsla er eitt af þeim skilyrðum sem sett var fyrir heimild til verkefnisins.



## Undirbúningur

Ásamt því að sækja um styrk og fá heimild til verkefnisins var leiðin gengin nokkrum sinnum, ástand varða metið og vörður hnitsettar með GPS tæki.


Til verkefnisins voru fengnir 6 erlendir sjálfboðaliðar sem starfa fyrir Sjálfboðaliðasamtök Umhverfisstofnunar. Allir voru þeir reyndir í hleðslu og göngustígagerð og leiðtogi þeirra með margra ára reynslu af verkefnum á friðlýstum svæðum hérlendis. Jafnframt eru samtökin atkvæðamest í verkefnum á friðlýstum svæðum og þjóðgörðum á Íslandi og því byggt á góðri þekkingu á sambærilegum verkefnum. Auk sjálfboðaliðanna var ráðinn hérlendur sérfræðingur í grjóthleðslu til stjórnunnar og faglegs eftirlits og endurmats verkefnisins. Sú heitir Kristín Auður Elíasdóttir, skrudgarðyrkjufraeðingur og hefur mikla reynslu af grjóthleðslu og endurgerð gamalla minja.

## Ástand varða

Rétt tæpur helmingur varðanna á Innri Hesteyrarbrúnum var fallinn (hrunninn). Algengast var að frosthreyfing hafði lyft jarðveg undir vörðunum og fellt þær inn, enda jarðvegur að mestu aur. Einstaka höfðu fallið út á hlið. Eftir sátu gjóthrúgur og vörðurnar ekki áberandi í landinu lengur. Vörður í upprunalegu og góðu ástandi stóðu oftar en ekki á traustu undirlagi, s.s. stórum steinum eða í grjóturðum. Einstaka vörður höfðu laskast á toppum og þörfnuðust lítils viðhalds. Meðfylgjandi tafla sínar grófa úttekt á ástandi varðanna.

Fallin	32	44%
Hálffallin	12	16%
þarfnast lagfæringar	12	16%
Heil	16	22%
Undir snjó	1	1,30%
Samtals	73	

*Tafla, ástand varða á Innri Hesteyrarbrúnum, júní 2013*



## Verkefnið

Starfshópur mætti til Ísafjarðar 20. júlí og fór fyrsti dagur í að kryfja verkefnið, skoða myndir og leggja drög að vinnunni. Mikil áhersla var lögð á það við hópinn að reisa vörðurnar í eins upprunalegri mynd og mögulegt væri. Jafnframt að leita bendisteina, dýrabeina og annars sem gæti gefið vísbendingu um fyrra handbragð, aldur varða o.fl. Siglt var norður í Hesteyrarfjörð 21. júlí og vinnubúðir settar upp í botni fjarðarins (tjöld). Hópnum voru þegar kynntar aðstæður og ákveðið hvar hefja skyldi verkið. Daginn eftir var hafist handa og var varða nr. 39 frá syðribrún fyrsta verkefnið. Umrædd varða og tvær til viðbótar voru unnar í sameiningu og starfsmönnum kynnt handverkið. Í kjölfarið var starfsmönnum skipt upp í tvo hópa og gekk sérfræðingur á milli þeirra. Voru því ávalt tvær til þrjár vörður undir endurgerð í hvert sinn.

Fyrst voru vörður í átt að Kjarnasvíkurskarði hlaðnar, eða allt að brekkurótum neðan skarðsbrúnar (frá 39 til 62). Talsverður snjór var enn í brekkubrúnum og ákveðið að bíða með brúnavörðurnar. Áfram var því haldið frá vörðu 39 fram að brún ofan Hesteyrar. Tjaldbúðir voru færðar til Hesteyrar er komið var fram yfir miðjar brúnir. Áður en verk hófst við hverja einstaka vörðu voru teknar myndir af henni svo og aftur í lok viðgerðar (samanburður, fyrir og eftir). Jafnframt var skráð hve margir unnu við hverja vörðu svo og heildartíma verkefnisins. Í lok skýrslunnar er tafla með ástandi hvernar vörðu, hniti hennar, vinnutíma, vegalengd milli varða, dagsetning framkvæmdar o.fl.

Vörður voru misflóknar í endurhleðslu. Sumar þutu upp án vandkvæða og lá verkefnið vel fyrir (auðvelt að sjá hvernig varðan var), aðrar voru erfiðari, ekki síst ef mikil hreyfing hafði verið á undirlagi. Á einstaka stað var ákveðið að nýta hluta af hrúni sem udirlag, þ.e. ef grjót sat vel, enda talið að varðan myndi ekki standa lengi ef hreyft yrði við neðsta grjóti. Mat þurfti því að leggja á það hverju sinni, með tilliti til væntanlegs lífaldurs vörðunnar. Sumar vörður lækkuðu lítilega við það. Fjórar af vörðunum þar að endurskoða og hugsanlega endurreisa næsta sumar, þar sem vafi var á hæð þeirra (lækkuðu). Ein aukavarða var hlaðin (milli varða 49-50 enda skuggi á leiðinni þar).

Þrátt fyrir góðan ásetning tókst ekki að endurhlaða allar vörðurnar enda tími til verksins takmarkaður (12 dagar). Heildarvinnutími við vörðurnar sjálfar voru rúmar 280 klukkustundir. Þá fór talsverður tími á hverjum degi í göngu að og frá verkstað (milli 3-4 klst. daglega).

## Afrakstur

Verkefnið hófst líkt og fyrr segir 21. júlí og lauk því 3. ágúst. 27 vörður þurfti að endurgera frá grunni, enda alfallnar. 9 voru hálfvallnar og 10 þörfnuðust lagfæringar að hluta. Alls var því unnið við 46 vörður, eða 63% af heildinni. 22% varðanna voru heilar (alls 16) og þurftu enga aðhlynningu en 11 vörður þarfnast viðhalds eða 15%. Ein þeirra var falin undir snjó.

Enn eru 6 hrundar vörður óunnar á Brúnunum, 1 hálfvallin og 3 sem þarfnast lítilsháttar lagfæringa. Allar eru vörðurnar í brekkunum undir Kjaransvíkurskarði utan ein (nr.4). Ein varða var undir snjó og ekki komist að henni. Ákveðið var að tefja ekki verkefnið með þeim vörðum að sinni og bíða þær næsta sumars.

## Niðurlag

Mikil breyting varð á ásýnd gönguleiðarinnar við lok framkvæmda. Í stað lágra grjóthrúga voru nú komnar áberandi vörður og mun auðveldari leið til rötunar. Greinilegt er að útlit varða (háar og kassalaga) hefur mikið að segja í slíku landi. Hrundar vörður falla hinsvegar fremur inn í umhverfið og missa gildi sitt sem leiðarvísir. Skynsamlegt er því að halda áfram sambærilegu verkefni í friðlandinu, nýta efni á staðnum, endurgera gamlar vörðu o.s.frv. fremur en stika gönguleiðir með timburstikum o.s.frv.



*Vörðuhópur á Innri Hesteyrarbrúnum*

Ísafjörður, desember 2013  
Jón Björnsson

## Viðauki 1, ljósmyndir

Vörðuhleðsla Innri Hesteyrarbrúnir, myndir af verkefninu, fyrir og eftir lagfæringar á vörðum. Myndir vinstra megin eru fyrir lagfæringu og hægra megin eru myndir frá sama sjónarhorni að verki loknu. Þar sem vörður eru í lagi birtist aðeins ein mynd. Ástand varða og hnit eru í töflu í viðauka 2.

### Varða 1



Brúnavarða, ástand gott og ekkert átt við vörðuna.

### Varða 2



Ástand / Fallin vegna hreyfingar í undirlagi. Hluti af neðsta lagi látið óhreift til að styðja við vörðuna og vernda frá falli.

### Varða 3



Upprunaleg og í góðu standi

### Varða 4



Ástand / Fallin að hluta og ákveðið að bíða með hana um sinn, þ.e. til nánari glöggvunar og skráningar á verklagi

### Varða 5



Ástand gott

**Varða 6**



Hálffallin og endurreist

**Varða 7**





**Varða 8**




**Varða 9**



**Varða 10**



**Varða 11**



**Varða 12**



**Varða 13**



Þarfnast endurskoðunar, lækkaði við hleðslu

**Varða 14**



**Varða 15**



**Varða 16**



*Ástand gott*

**Varða 17**



### Varða 18



Lítillsháttar skemmdir í toppi

### Varða 19



**Varða 20**



**Varða 21**



**Varða 22**



**Varða 23**





**Varða 24**



**Varða 25**



**Varða 26**



*Kristín Auður á fullu*

**Varða 27**



**Varða 28**



**Varða 29**



**Varða 30**



**Varða 31**



**Varða 32**



**Varða 33**



**Varða 34**



**Varða 35**



**Varða 36**



*Heil og ekki unnið við hana*

**Varða 37**



*Heil og ekki unnið við hana*

**Varða 38**





## Varða 39



*Fyrsta lagfærða varðann, lærdómsvarða*



*Smábein sem farst í fyrstu vörðunni sem lagfærð var (39). Ekki fundust fleiri bein*

**Varða 40**



**Varða 41**



**Varða 42**



**Varða 43**



**Varða 44**



**Varða 45**



**Varða 46**



**Varða 47**



**Varða 48**



**Varða 49**



**Varða 50**



*Heil og ekkert átt við hana*

**Aukavarða**



*Aukavarða hlaðin enda skuggi á leiðinni*

**Varða 51**



**Varða 52**




*Toppur lagfærður*

**Varða 53**





**Varða 54**



*Ástand gott og ekkert hreift við henni*

**Varða 55**



**Varða 56**



**Varða 57**



*Ástand gott, ekki átt við 57-58. standa á stórum steinum, slíkar vörður standa betur*

**Varða 58**



**Varða 59**



**Varða 60**



**Varða 61**



*Síðasta viðgerða varðan fyrir Kjaransvíkurskarð.*



*Áberandi vörður í lok vinnudags.*

## Viðauki 2, töflur

Yfirlit yfir vörður, ástand, hnit, hæð yfir sjó o.fl.



*Loftmynd af vörðuðu leiðinni*



Varða nr.	Astand	Vinnutími	Tími og dagsetning vinnu	Hnit	HYS	Frá	Til	Lengd	Athugasemdir
C01	Yfirfara	0	23-JUL-13 11:04:04	N66 20.859 W22 51.296	269 m	1	2	88	
C02	Reisa	9	23-JUL-13 11:07:42	N66 20.873 W22 51.187	274 m	2	3	128	
C03	Ok	0	23-JUL-13 11:10:26	N66 20.895 W22 51.025	280 m	3	4	118	
C04	Óunnin	0	23-JUL-13 11:13:22	N66 20.912 W22 50.873	280 m	4	5	95	Beðið með fleðslu til 2014
C05	Flott, laustgrjót í toppi - skoðalaga	0	23-JUL-13 11:15:52	N66 20.926 W22 50.750	277 m	5	6	120	
C06	Laga	6	23-JUL-13 11:19:15	N66 20.946 W22 50.601	276 m	6	7	73	
C07	Hrunin, laga	3,5	23-JUL-13 11:21:13	N66 20.961 W22 50.510	276 m	7	8	68	
C08	Hrunin, laga	6	23-JUL-13 11:23:56	N66 20.967 W22 50.422	275 m	8	9	78	
C09	Laga	6	23-JUL-13 11:25:59	N66 20.983 W22 50.328	271 m	9	10	37	
C10	Laga, hreiður í vörðu	3,5	23-JUL-13 11:27:52	N66 20.989 W22 50.281	267 m	10	11	109	
C11	Laga (smágrjót), fallin fram af steini	4,5	23-JUL-13 11:34:06	N66 21.010 W22 50.144	253 m	11	12	111	
C12	Fallin	6	23-JUL-13 11:37:37	N66 21.043 W22 50.023	250 m	12	13	128	
C13	Hrunin, laga	9	23-JUL-13 11:40:54	N66 21.087 W22 49.890	255 m	13	14	84	
C14	Fallin	3	23-JUL-13 11:43:07	N66 21.124 W22 49.825	254 m	14	15	90	
C15	Hálf fallin	6	23-JUL-13 11:46:03	N66 21.163 W22 49.753	247 m	15	16	61	
C16	Flott, bendisteinn	0	23-JUL-13 11:48:16	N66 21.193 W22 49.720	246 m	16	17	73	
C17	Fallin	6	23-JUL-13 11:52:22	N66 21.229 W22 49.682	244 m	17	18	104	
C18	Smá lagfæringar í toppi	1,5	23-JUL-13 11:56:14	N66 21.279 W22 49.621	240 m	18	19	113	
C19	Laga, hrunin að hluta	3	23-JUL-13 12:00:28	N66 21.334 W22 49.552	239 m	19	20	68	
C20	Glæsileg, yfirfara	0	23-JUL-13 12:02:59	N66 21.366 W22 49.513	242 m	20	21	61	
C21	Hrunin	6	23-JUL-13 12:05:08	N66 21.397 W22 49.487	241 m	21	22	89	
C22	Fallin, bendisteinn	3	23-JUL-13 12:08:21	N66 21.443 W22 49.453	241 m	22	23	159	
C23	Undir snjó	6	23-JUL-13 12:13:31	N66 21.526 W22 49.402	249 m	23	24	150	
C24	Fallin / Aukavörða - túrista lítil -	6	23-JUL-13 12:17:01	N66 21.600 W22 49.324	261 m	24	25	465	Löng eyða milli 24 til 25 -
C25	Hálf fallin	7,5	23-JUL-13 12:29:40	N66 21.820 W22 49.033	284 m	25	26	93	
C26	Hálf fallin	2,5	23-JUL-13 12:34:40	N66 21.863 W22 48.972	282 m	26	27	103	
C27	Fallin	4,5	23-JUL-13 12:37:31	N66 21.909 W22 48.890	277 m	27	28	89	
C28	Lagfæra	7,5	23-JUL-13 12:39:38	N66 21.949 W22 48.825	274 m	28	29	79	
C29	Fallin	3	23-JUL-13 12:45:19	N66 21.987 W22 48.778	274 m	29	30	156	
C30	Fallin	6	23-JUL-13 12:49:20	N66 22.054 W22 48.644	275 m	30	31	106	Hér kemur inn aukavörða sem þarf að skoða
C31	Hrunin	7,5	23-JUL-13 12:51:48	N66 22.093 W22 48.540	275 m	31	32	92	
C32	Hrunin að hluta í vestur	4,5	23-JUL-13 12:54:33	N66 22.127 W22 48.450	275 m	32	33	52	Stutt á milli varða
C33	Fallin	2,5	23-JUL-13 12:56:49	N66 22.140 W22 48.389	273 m	33	34	98	
C34	Hrunin - mynd	6	23-JUL-13 12:58:50	N66 22.165 W22 48.273	270 m	34	35	92	
C35	Smá lagfæringar, bendisteinn	6	23-JUL-13 13:01:24	N66 22.194 W22 48.172	267 m	35	36	177	
C36	Flott	0	23-JUL-13 13:05:09	N66 22.269 W22 48.040	270 m	36	37	63	
C37	Flott	0	23-JUL-13 13:06:42	N66 22.291 W22 47.975	270 m	37	38	135	
C38	Fallin	6	23-JUL-13 13:09:58	N66 22.347 W22 47.860	275 m	38	39	58	
C39	Búin, klár - ísta í hleðslu	18	23-JUL-13 13:42:38	N66 22.366 W22 47.796	283 m	39	40	65	

Varða nr.	Ástand	Vinnutími	Tími og dagsetning vinnu	Hnit	HYS	Vegalengd milli varða í metrum			
						Frá	Til	Lengd	
C40	Ílagfæringu	6	23-JUL-13 13:46:27	N66 22.389 W22 47.731	282 m	40	41	74	
C41	Fallin V	6	23-JUL-13 13:49:25	N66 22.418 W22 47.669	278 m	41	42	93	
C42	Fallin	6	23-JUL-13 13:55:46	N66 22.460 W22 47.612	277 m	42	43	64	
C43	Lagfæra	6	23-JUL-13 14:01:17	N66 22.488 W22 47.564	278 m	43	44	62	
C44	Hrunin	6	23-JUL-13 14:03:14	N66 22.517 W22 47.521	277 m	44	45	110	
C45	Hrunin, túristavarða á toppi	4	23-JUL-13 14:07:47	N66 22.559 W22 47.421	277 m	45	46	90	
C46	Hrunin, frostsprungin	4,5	23-JUL-13 14:12:06	N66 22.586 W22 47.321	277 m	46	47	93	
C47	Fallin	6	23-JUL-13 14:14:47	N66 22.619 W22 47.228	279 m	47	48	88	
C48	Sigin, hrun	9	23-JUL-13 14:16:47	N66 22.651 W22 47.140	280 m	48	49	120	
C49	Fallinn inn	6	23-JUL-13 14:20:11	N66 22.691 W22 47.013	287 m	49	50	104	
C50	Topplagi	0	23-JUL-13 14:22:13	N66 22.725 W22 46.901	289 m	50	51	161	
C51	Lagfæra	4,5	23-JUL-13 14:26:25	N66 22.786 W22 46.750	285 m	51	52	64	
C52	Glæsileg	1	23-JUL-13 14:29:11	N66 22.811 W22 46.693	286 m	52	53	156	
C53	Sigin út	6	23-JUL-13 14:32:50	N66 22.848 W22 46.541	295 m	53	55	160	
C55	Fallin	4,5	23-JUL-13 14:38:55	N66 22.918 W22 46.411	301 m	55	56	72	
C56	Hrunin	6	23-JUL-13 14:42:26	N66 22.933 W22 46.331	304 m	56	57	71	
C57	Flott	0	23-JUL-13 14:44:39	N66 22.950 W22 46.245	310 m	57	58	131	
C58	Flott	0	23-JUL-13 14:47:37	N66 22.997 W22 46.118	316 m	58	59	69	
C59	Lagfæra	6	23-JUL-13 14:50:00	N66 23.014 W22 46.037	317 m	59	60	98	
C60	Hrunin (ca 5 eftir) brúnabrekka	6	23-JUL-13 14:53:21	N66 23.028 W22 45.909	320 m	60	61	130	
C61	Fallin	4,5	23-JUL-13 14:59:41	N66 23.071 W22 45.781	335 m	61	62	81	
C62	Fallin, lagfæra		23-JUL-13 15:02:36	N66 23.094 W22 45.688	347 m	62	63	40	
C63	Hrunin		23-JUL-13 15:05:02	N66 23.097 W22 45.635	352 m	63	64	44	
C64	Fallin		23-JUL-13 15:06:44	N66 23.108 W22 45.582	352 m	64	65	57	
C65	Skóða og hækka		23-JUL-13 15:08:10	N66 23.112 W22 45.507	355 m	65	66	110	
C66	Fallin		23-JUL-13 15:11:06	N66 23.143 W22 45.381	376 m	66	67	54	
C67	Lagfæra		23-JUL-13 15:13:45	N66 23.159 W22 45.324	384 m	67	68	38	
C68	Flott		23-JUL-13 15:14:48	N66 23.171 W22 45.283	386 m	68	69	74	
C69	Er að falla		23-JUL-13 15:16:48	N66 23.194 W22 45.201	400 m	69	70	159	
C70	Skarð, brún - hrunin		23-JUL-13 15:21:23	N66 23.208 W22 45.021	435 m	70	71	95	
C71	Skarð		23-JUL-13 15:23:35	N66 23.173 W22 44.999	439 m	71	72	41	
C72	Skarð		23-JUL-13 15:24:42	N66 23.166 W22 44.888	438 m	72	73	53	
C73	Skarð, endavarða, brún Kjaransv.		23-JUL-13 15:25:53	N66 23.157 W22 44.820	432 m				
	Vinnutími samtals (án ferða)	425				Vegalengd samtals			12022